

SÍMENNTUNARÁÆTLUN TÓNLISTARSKÓLA EYJAFJARÐAR

2024-2025

MARKMIÐ

Tónlistarskóli Eyjafjarðar vinnur skv hugmyndafræði lærdómssamfélagsins þar sem virkt samtal og samstarf starfsfólks er eðlilegur hluta daglegs starfs og í undirbúningi kennslu, þar sem áhersla er lögð á samstarf og samráð með nám nemenda í fyrirrúmi. Nemendur og foreldrar hafa greiðar leiðir til að koma skoðunum sínum um námið á framfæri og sveigjanleiki til ígrundunar stuðlar að skapandi kennsluháttum og samstarfi allra sem að skólasamfélaginu koma.

Leiðsagnarnám er leiðarljós skólans.

Áherslur símenntunaráætlunar eru kennslufræði hljóðfæra með áherslu á kennslu yngri nemenda, lærdómssamfélagið, gervigreind í skólastarfi, staða tónlistarnáms í samfélaginu, heilsuefling, vinnustaðamenning og sjálfbærni. Þau námskeið sem standa kennurum til boða á vegum skólans styðja ávallt við þá stefnu í skólaþróun og símenntun hverju sinni. Samvinnuvettvangur er hvati og rými fyrir allt starfsfólk til að sækja sér frekari símenntun utan og innan skólastofnunarinnar til stuðnings í starfi. Vinna við samvinnuvettvang er í stöðugri þróun í takt við símenntunaráætlun og þarfir starfsfólks og skólans, endurspegla skólamenningu, skólastefnu og nemendamiðaða sýn.

Skólaárið skiptist í fjórar lotur og markmið eru sett fram fyrir allt skólaárið og einnig í fjögur minni skref, námsmat fer fram í lok hvernar lotu og þar með er nám nemenda í stöðugri endurskoðun og þróun.

Innra og ytra mat skóla verði markviss og eðlilegur þáttur í skólastarfi og skólaþróun, og niðurstöðurnar nýttar til þess að styðja við og efla starfsemi skólans og nám nemenda.

ADGERÐARÁÆTLUN 2024-2025

- Unnið verður áfram í vinnu við Græn skref, grænt bókhald og skýra umhverfisstefnu. Starfsteymi Grænna skrefa stefni á að ljúka þriðja skrefi.
- Skólinn verður Heilsuefandi vinnustaður og 3ja manna stýrihópur sér innleiðingu og framkvæmd verkefnisins með það að markmiði að bæta vinnuskipulag og vinnuumhverfi alls starfsfólks, hvetja til virkrar þátttöku og efla vellíðan einstaklinga með heilðrænni nálgun.

Einnig verður ýmis fræðsla um heilsueflingu á samvinnuvettvangi; hreyfing, næring, vinnustaðamenning og andleg- og líkamleg heilsa í samvinnu við Heilsu- og sálfræðiþjónustuna og Sjálfsrækt. Fræðslufundir eru einu sinni í mánuði og ná yfir allt skólaárið.

- Starfsfólk tekur þátt í Svæðisþingi FT miðvikudaginn 21. ágúst 2024.
- Starfsfólk sækir ráðstefnu um skólamál/nám/kennslu í víðu samhengi; UTÍS Online dagana 20.-21. september 2024.
- Skólastjóri hefur vinnu við innra mat á starfsemi skólans sem lýkur vorið 2027.
- Skólinn verði áfram í faglegu samstarfi við aðra tónlistarskóla/grunnskóla á svæðinu og efli með starfsfólki bæði fag- og stéttarvitund.
- Fræðslufundur mánudagurinn 19. ágúst 2024 um gervigreind og möguleika hennar í tónlistarnámi nemenda og tónlistarkennslu. Leiðbeinandi Magnús Smári Smáráson. Dýpri vinna tengd gervigreind verður á starfsdögum í júní 2025.
- Í samvinnu við aðra tónlistarskóla á Norðurlandi verður haldinn fræðslufundur á skólaárinu 2024-2025 um stöðu tónlistar í samfélaginu. Aðal leiðbeinandi/fyrirlesari Njörður Sigurðsson.
- Stöðugt er unnið innávið með leiðsagnarnám og leiðsagnarmat; rifjað upp og þeirri þekkingu sem býr í starfsmannahópnum viðhaldið.
- Skólanámskrá verður endurskoðuð og uppfærð á starfsdögum í júní 2025.
- Starfsdagar í júní 2025 verði byggðir upp eftir áherslum og áhugasviði kennarahópsins.

